

Ed.

321. Breytingartillögur

[162. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 2. gr.
 - a. Í stað „kr. 7 200“ í a-lið komi: kr. 8 200.
 - b. Síðasti málsliður a-liðar orðist svo:

Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur kemur til greiðslu.
 - c. b-liður orðist svo:

Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.
 - d. c-liður orðist svo:

Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar greinar.
2. Við fyrirsögn. Í stað orðsins „hitunarkostnaði“ komi: hitunarkostnað.